



Heiðnaberg 1 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa varðandi færslu á ljósastaur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. júní 2026 var lögð fram fyrirspurn Garðars Eggertssonar varðandi færslu á ljósastaur við Heiðnaberg 1.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



HverfisSKIPULAG



Götumynd tekin af ja.is

SKIPULAG Í GILDI

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin íbúðarsvæði IB42 – Hólar.

HverfisSKIPULAG: Í gildi er hverfisSKIPULAG fyrir svæðið, samþykkt í borgarráði 9. desember 2021 ásamt síðari breytingum.

UMSÖGN

Ljósastaurinn er staðsettur við lóðarmörk sameiginlegrar lóðar fyrir Heiðnaberg 1, 3 og 5. Staðsetning hans er um 14,5 m frá gatnamótum Hólabergs og Heiðnabergs. Með færslu ljósastaura um 7 m til vesturs verður hann staðsettur um 21,5 m frá gatnamótunum og með tilfærslunni verður lýsing við gatnamótin ekki fullnægjandi. Auk þess eru engar gangstéttar í götunni og því er varasamt að rýra lýsinguna innan hennar með breytingum.

Á kortasjá Samgöngustofu er ekkert slys skráð vegna ljósastaura síns en tvö eignatjón eru skráð á árunum 2012-2025. Annað þegar ekið er á bifreið á bílastæði (2013) og hitt þegar ekið er á fastan hlut á akbraut, einnig hlutir sem falla á bifreið (2014).

NIÐURSTAÐA

- Ekki er fallist á færslu ljósastaura síns. Ljósastaurinn virðist ekki hafa valdið slysum og með færslu hans yrði lýsing við gatnamót og fyrir vegfarendur í götunni ófullnægjandi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
verkefnastjóri



Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

